

Erindi til bæjaryfivalda um vinnustofuaðstöðu listamanna.

Við sem stöndum fyrir þessu bréfi erum listamenn sem eigum það sammerkt að vera bæði í Grósku myndlistarsamtökum Garðabæjar sem og að hafa vinnustofur á annarri hæðinni á Garðatorgi 1. Við viljum í upphafi taka fram að við sendum þetta sameiginlega erindi inn í okkar nafni sem sjálfstæðir listamenn en ekki í nafni Grósku.

Tilefni

Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi bæjarins, hringdi á dögunum í tvö okkar, að því að virðist í þeim erindagjörðum að grennslast meðal annars fyrir um nýtinguna á þeim vinnustofurýmum sem við höfum til umráða. Hún væri að gera einskonar þarfagreiningu sem skila ætti inn helst fyrir mánaðarmótin. Þar kom líka fram að við gætum ekki brugðist við því svo skjótt en var Ólöfu gefið loforð um að við myndum skila inn sameiginlegu erindisbréfi hið fyrsta.

Í ljósi þessa leikur okkur vitaskuld forvitni á að vita hvers vegna þessi flýtir, hver eða hvað það er sem rekur á eftir málum og um hvað málið snýst í raun? Þetta bréf okkar er svar við fyrirspurn Ólafar annars vegar, ásamt lýsingu á starfi okkar og starfsháttum og hinsvegar ósk okkar um útskýringar, upplýsingar og samræðu um málið af ykkar hálfu. Þess vegna teljum við réttast að ekki einungis menningarfulltrúi bæjarins eigi að vera upplýstur um málið og með í samtalinu heldur bæjarstjórnin öll.

Hvernig er starf listamannsins og starfsaðstaða?

Í stórum dráttum má segja að starf listamannsins sé tvíþætt sem mótast annars vegar af skapandi þætti og hins vegar því að hann þarf líka að reka sjálfan sig sem eigið fyrirtæki. Til þess þarf hann að hafa starfsaðstöðu til að geta unnið og ræktað sitt listræna starf. Hann þarf líka að geta komið verkum sínum á framfæri, til þess að gefa öðrum færi á að fylgjast með og njóta þess sem hann hefur fram að færa það er list hans. Og að sjálfsgöðu að hafa möguleika á að selja verk sín til þess að geta rekið fyrirtækið og sjálfan sig og þannig lifað, keypt efni og staðið undir sýningarhaldi. Sýningar þarf yfirleitt að skipuleggja með 2ja - 4ra ára fyrirvara með tilheyrandi umsóknum, framleiðslu og fjármögnun. Sýningarsalir eru afar umsetnir og bókaðir yfirleitt með árs til 4ra ára fyrirvara. Og þá virðist einu gilda hvort um sé að ræða þar til gerða listræna sýningarsali (s.s. söfn), gallerí eða kaffihús. Einnig má benda á að vinnutími við listir er óreglulegur í nánast flestum tilfellum. "9-5 vinnan" virkar oftast ekki hér. Verkefnið ræður óreglulegum vinnutímanum. Þungamiðja starfsins er aðstaðan. Án hennar fylgir ekki bara ákveðin óvissa í starfseminni, heldur er hreinlega allt hið listræna starf í uppnámi. Án vinnustofu er grunninum einfaldlega kippt undan starfi listamannsins. Það má kannski orða það svo að án listrænnar framleiðslu verður engin eðlileg listræn framþróun í verkum viðkomandi listamanns. Starfsaðstaðan er grundvöllur listrænnar framleiðni og er erfitt að undirstrika og feitletra mikilvægi þess nægilega.

Vinnustofurnar á annarri hæð og markmiðin.

Umrætt vinnustofurými er staðsett á sömu hæð og Gróskusalurinn, Garðatorgi 1, í gamla Betrunarhúsinu. Betrunarhúsið sem og núverandi húsnaði Hönnunarsafns Íslands stóð ónotað 2010 þegar myndlistarfélagið Gróska var stofnað. Þá var húsnaðið í slæmu ásigkomulagi og lá undir skemmdum. Eitt fyrsta verk Grósku var að finna húsnaði fyrir félagsskapinn. Gróska sótti um það rými sem smám saman hefur þróast og breyst í hinn margrómaða "Gróskusal" eins og fólk þekkir

hann í dag. Í gamla Betrunarhúsinu voru einnig gamlir búningsklefar og gangur með opnu rými til íþróttaiðkunar. Þáverandi formaður Grósku fór þess á leit við bæinn að nýta auða húsnæðið undir vinnustofur. Með samþykki bæjaryfirvalda bauðst öllum Gróskufélögum að vera með í gerð og uppbyggingu vinnustofanna og þáðu 11 félagar það. Töluverða smíðavinnu og breytingar á húsnæðinu þurfti áður en listrænt starf gat hafist þar. Rýmin eru ólík að stærð og lögun og þarfir listafólksins eru ólíkar. Þessir 11 aðilar unnu síðan sjálfir í því að hreinsa út, laga til og breyta húsnæðinu. Í framhaldinu voru reistir veggir, settar hurðir á rýmin, vatn og rafmagn tengt og útspreyaðir og illa farnir veggir málaðir. Sveitarfélagið ákvað svo leiguupphæðina og höfum við greitt þar leigu síðan.

Í gegnum árin má segja að húsnæðið hafi ekki verið í "fyrirmyndarstandi", enda svo sem komið til ára sinna. Margsinis hefur verið glímt við leka í hinum ýmsu rýmum, leka sem virðist alltaf finna sér nýjar leiðir og hefur meðal annars skemmt verk og annan búnað. Húsnæðið er afar "hrátt" en það hentar okkur listamönnunum ágætlega. Ef húsnæðið yrði ætlað undir aðra starfsemi þyrfti áreiðanlega að gera róttækar endurbætur á því.

Einhverjar mannabreytingar hafa átt sér stað á vinnustofunum í gegnum árin. Nokkur okkar hafa þó verið þar frá upphafi. Höfum við notið góðs af ráðgjöf, stuðningi og félagsskap hvers annars í gegnum árin og samanlagt höfum við margra áratuga reynslu af listsköpun. Aðstöðuna nýtum við hvert á okkar hátt. Sum okkar vinna aðalega á kvöldin, frameftir og um helgar á meðan aðrir mæta snemma og nýta daginn en eins og áður er sagt þá er það verkefnið sem ræður. Hvert okkar starfar þó sjálfstætt að sinni list. Við höldum einkasýningar og tökum þátt í samsýningum, bæði innan bæjarins sem utan hans. Við erum líka öll virkir félagar í Grósku og tökum þátt í samsýningum á vegum félagsins, í skipulagningu, stjórnarstarfi, sýningarstjórn og hugmyndavinnunni. Okkur er í mun að gera listina sýnilega í samfélaginu. Gera hana að hluta umhverfis okkar, hluta af hversdagslegri upplifun. Til að þjóna því markmiði höfum við notast við ýmsa staði meðal annars Gróskusalinn og Garðatorgið sjálft. Við höfum verið með opnar vinnustofur á mismunandi tímum ársins, nýtt sýningarveggi bókasafnsins og Menningarhúsið Krók, verið með listgjörninga víða um bæinn svo sem á sundlaugarbakka Ásgarðssundlaugar, sýnt á veggjum íþróttahúsa, tekið á móti nemendum o.s.frv. Við höfum líka stuðlað að námskeiðum sem haldin eru í Gróskusalnum og hvatt til fyrirlestra þar sem hugðarefni okkar listamanna eru rædd og verið opin almenningi.

Markmið okkar falla svo sannarlega saman með Grósku um að auka hróður lista í Garðabæ og efla menningarlíf bæjarins. Hins vegar erum við ekki síður að vinna að okkar eigin framgöngu í listinni og því liggja taugarnar víða. Það hefur líka jákvæð og hvetjandi áhrif. En við þurfum sveitarfélagið með um borð í þessa listrænu framvarðasveit.

Nú þarf að blása duglega í seglin. Hér í bæ er upp risið tækifæri til að að setja á stofn listasal, Listasal Garðabæjar, sem yrði á vegum bæjarins. Með slíkan sal í öndvegi mætti segja að væri búið að hefja listalífið upp á alþjóðlegan mælikvarða á örfáum árum. Á síðustu 10 árum má segja að tekist hafi að sameina listáhugafólk bæjarins með öflugum félagsstarfi Grósku, hvetja listamenn til dáða með vinnustofuaðstöðum og tengja opinberlega háleita menningarstefnu bæjarins við listamenn á Íslandi með því að bjóða uppá verðuga sýningaraðstöðu, Listasal Garðabæjar, sem keppnisleikvang listamannanna. Og aftur má bersýnilega sjá hve mikilvæg aðstaðan til athafna er. Við viljum vera til skrafs og ráðagerða um slíkan sal, sem getur orðið enn eitt blómið í hnappagat Garðabæinga.

Að lokum viljum við þakka stuðninginn hingað til. Við óskum vissulega eftir góðu, áframhaldandi samstarfi við bæinn okkar og vitum að við höfum margt fram að færa í samræðu um menningu og listir. Þá viljum við nefna að okkar dyr standa opnar ef yfirvöld bæjarins vilja líta við í heimsókn á vinnustofurnar, skoða umrætt svæði, kynna sér starfsemina persónulega og ræða málin.

Með von um áframhaldandi gott samstarf, frekari viðræður og kærum kveðjum.

Auður Björnsdóttir,

Birgir Rafn Friðriksson,

Gunnella,

Laufey Jensdóttir,

Árný Björk Birgisdóttir,

Björg Atla,

Katrín Matthíasardóttir

Margrét Jónsdóttir